

Ed.

695. Frumvarp

til laga um innflutning á jarðeplum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. gr.

Þann hluta árs, sem nægar birgðir eru fyrir hendi í landinu, að dómi Búnaðarfélags Íslands, af innlendum jarðeplum, er ríkisstjórninni heimilt að banna að flytja inn jarðepli frá öðrum löndum.

2. gr.

Að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands ákveður atvinnumálaráðherra á ári hverju með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, frá hvaða tíma innflutningsbann á jarðeplum skuli í gildi ganga og hvenær því skuli af létt. Skal sú auglýsing birt þremur vikum áður en innflutningsbannið hefst.

Ef sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt og Búnaðarfélag Íslands mælir með því, er ráðherra þó heimilt að ákveða með nýrri auglýsingu, að banninu skuli fyrr af létt en til var tekið, og þarf það ekki að vera samtímis á öllu landinu.

3. gr.

Hreppstjórum í sveitum og bæjarstjórn í kaupstöðum skal skylt að senda Búnaðarfélagi Íslands á ári hverju fyrir fyrsta nóvember skýrslu um uppskerumagn jarðepla.

4. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Í reglugerð þessari skal setja reglur um mat á jarðeplum, ef um stærri kaup er að ræða en 500 kg. til sama kaupanda.

5. gr.

Brot gegn auglýstu innflutningsbanni á jarðeplum samkvæmt 1. gr. varðar sektum til rikissjóðs, frá 200—2000 kr. Ólöglega innflutt jarðepli skulu upp-tæk og andvirði þeirra renna í rikissjóð.

6. gr.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. ósk atvinnuáráðherra og mjög eindreginni áskorun frá „bændanefndinni“. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir frá bændanefndinni:

Nefndin telur það einn lið í sjálfsbjargarviðleitni þjóðarinnar á þessum krepputímum að hlúa sem best að og auka framleiðslu innlendra matjurta. Engum blandast lengur hugur um það, að hér á landi eru allviðast nóg og góð skilyrði til þess að rækta þá vöruhegund, er hér um ræðir, jarðeplin.

Nefndin hefir því tekið upp frv. það um þetta efni, er landbúnaðarnefnd neðri deildar flutti á síðasta þingi, með þeirri breytingu, að fellt hefir verið úr því ákvæði, sem einkum varð þá að ágreiningi í þinginu, þ. e. ákvæðið um þátttöku rikissjóðs í kostnaði við flutning á jarðeplum milli héraða.